

Nd.

253. Leiðréttingar

á nefndarálitni á þskj. 225 (Lendingarbætur á Eyrarbakka).

Frá Magnúsi Torfasyni.

Af dulrænum ástæðum hefi ég ekki átt þess kost að gera hv. sjávarútvn. nánari grein fyrir máli þessu, og því hefir slæðzt inn í álit hennar ekki óverulegur misskilningur á því, hvernig það horfir við.

Á Eyrarbakka er þegar allmyndarleg bryggja, er vélbátar lenda við, og er hún akfær bifreiðum. Næg viðbót við þá bryggju mundi kosta sáralítið fé.

Önnur mannvirki en sandvarnargarðurinn er ekki ætlað til að gerð verði langar stundir. Við bryggjuna eru næg fiskhús og næg geymsluhús.

Aftur var berlega tekið fram í flutningsræðu minni, að hafskipaleiðina þyrfti að dýpka og breikka og hafskipaleguna sömuleiðis, til þess að höfnin yrði nothæf fyrir stærri skip en nú.

Hinsvegar veit ég ekki til, að neinum manni hafi komið til hugar að byggja skjólgarð fyrir höfnina.

Kostnaðaráætlun segir í álitinu, að sé eingöngu miðuð við sandvarnargarðinn. Þetta er alrangt. Hann er áætlaður 72500 kr., en frv. gerir ráð fyrir 160.000 kr. kostnaði. Sprengingarkostnað mun erfitt að áætla. T. d. hafa sprengingar á Stokkseyrarsundi staðið yfir síðan 1921 og verið mjög misdýrar, en alls hefir rikissjóður lagt til þeirra rúmar 11000 kr. Sama verður niðurstaðan á Eyrarbakka, enda aðstaðan eins að heita má, aðeins dagur og dagur, sem hægt er að vinna að sprengingum á brimgarðinum. Rannsókn á þessu fer fram á næsta sumri.

Engin hætta ætti að stafa af samþykkt laganna. Skilyrði fyrir því, að byrjað verði á lendingarbótunum, eru:

að fé verði veitt til þess í fjárlögum,

að jöfn fjárhæð verði lögð fram annarsstaðar að,

að atvinnuáráðuneytið samþykki kostnaðaráætlun, og eru þá 3 varnaglarnir.

Hvorki rikissjóður eða hérað á því nokkuð í ábyrgð, þó að löggin séu samþykkt. Hinsvegar mundi sýnjun lagafyrirmæla draga mjög úr framkvæmdum og tefja fyrir þeim.

Aðilar þessa máls eru: Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, landeigandi (Landsbankinn). Kaupfélag Árnesinga, sjóðstjórnir fiskimanna.

Er ætlunin, að stjórn lendingarsjóðsins hafi forgöngu um að ná saman fé úr þessum stöðum og koma þar á samvinnu.

En verði málinu traðkað hér á þingi, verður dreginn mátturinn úr öllum athöfnum, enda engin von til að hafizt verði handa fyrr en byggja má á lagagrundvelli.

Bryggja sú, sem gerð var, sýnir, hve hár sandgarðurinn þarf að vera, því þar fer ekki sandkorn yfir og úr henni hefir ekki hrokkið kvarnarstærð.